

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um braudamatið, að því er snertir greiðslu á eptirlaunum presta og prestsekkna.** 131  
15 des.

Þjer hafð, herra landshöfðingi, með brjefi, dagsettu 14. septbr. þ. á., sent hingað, ásamt umsögn biskups um málið, erindi frá sóknarprestinum í Glaumbæ í Skagafjarðarprófastsdæmi, þar sem spurzt er fyrir um það, hvort eigi skuli nú greiða uppgjafapresti eptirlaun þau, er á brauði þessu hvíla, og hingaðtil hafa samkvæmt braudamatinu frá 3. oktbr. 1884 verið greidd að fullu af tekjum prestakallsins, að nokkrum hluta úr landssjóði eptir hinu endurskoðaða braudamati frá 24. febr. þ. á. Með því að það hefir afarmikla þýðing fyrir eptirlaunabyrði landsjóðs, hvernig svara skal hinni framkomnu spurningu um það, hver áhrif hið gildandi braudamat hafi á hverjum tíma á greiðslu á eptirlaunum presta og prestaekkna, hafð þjer, þótt úrslit þessa máls virðist heyra undir dómstólana, í áðurnefndu brjefi yðar beiðzt álits ráðaneytisins hjerum, og sjerstaklega leiðbeiningar um það, hvernig þjer skulið, — þangað til endileg úrslit frá dómstólunum sjeu fyrir hendi, — haga yður gagnvart kröfum um borgun af landsjóði á eptirlaunum eða hluta af eptirlaunum, sem hingað til hafa verið greidd af hlutaðeigandi prestaköllum, en hinir þjónandi prestar neiti að greiða eptir 1. apríl þ. á. með skirskotun til hins endurskoðaða braudamats frá 24. febr. s. á.

Biskup hefir í áðurnefndri umsögn sinni látið í ljósi þá skoðun sína á ákvæðum þeim, er hjerum gilda, að hið nýja braudamat frá 24. febr. þ. á. hljóti að segja til um það, frá þeim tíma er það kom í gildi, hver skuli greiða hin umræddu eptirlaun. Þjer hafð aptur á móti látið þess getið að þjer sjeuð þeirrar skoðunar, — sem hingað til hefir verið fylgt í verki, eptir því sem þjer skýrið frá, — að, svo sem það sje endilega gjört út um upphæð eptirlaunanna, þegar er þau eru ákveðin í fyrstu, þannig að hin sama upphæð eptirlaunanna haldist, þrátt fyrir það þótt braudamatið breytist síðar, meðan sá lifir, er nýtur eptirlaunanna, þannig gildi hið sama um ákvörðunina um það, hver greiða skuli eptirlaunin. Þjer hafð í þessu efni einkum vísað til þess, að það virðist vera augljóst, að ákvæðið um greiðslu eptirlaunanna í 2. gr. laga 3. október 1884 um eptirlaun prestsekkna, sem eigi geta álitist breytt í þessu efni við lög nr. 36 frá 13. desbr. 1895, hljóti að hafa sama braudamat fyrir augum, sem það braudamat, er nefnt er rjett á undan í 1 gr., nefnilega það braudamat, er *þá* er í gildi, og á sama hátt álitíð þjer og að eigi að skilja orðin »síðasta braudamti« í 6. gr. laga 27. febr. 1880 um eptirlaun presta.

Þessa skoðun yðar getur ráðaneytið samt eigi fallizt á. Svo sem það virðist vera í góðu samræmi við hlutarins eðli, að upphæð eptirlaunanna fari eptir því braudamati, er gildir þá, er eptirlaunin eru ákveðin í fyrstu, en að það, hver greiða skuli eptirlaunin, sje komið undir því braudamati, er á hverjum tíma er gildandi, þannig virðist þessi hin sama regla vera fólgin í þeim lagaákvæðum, sem hjerum gilda, og meðal þeirra virðast einkum ákvæðin í 6. gr. laga 27. febr. 1880 eptir því sem orðunum er hagað einkum og sjer í lagi benda í þessa átt, og það er heldur eigi með öllu sjálfsagt, að í 2. gr. laga 3.

14. dag janúarmánaðar 1901.

**131** október 1884 hljóti að vera haft fyrir augum hið sama brauðamat, sem nefnt er 15. des. beint f 1. gr.

Þótt ráðaneytið því viðurkenni, að efi geti leikið á um þessa skýring, og að það því væri heppilegt, að dómstólarnir skæru hjer úr, verður það að álita rjett, að henni sje fylgt fyrst um sinn af hálfu hins opinbera, og skal því fela yður, herra landshöfðingi, að láta greiða af landsjóði, öll þau eptirlaun, sem samkvæmt þessu á af honum að greiða, en á hinn bóginn verður að neita að greiða úr landsjóði þær eptirlaunaupphæðir, sem samkvæmt þessari skýringu á að greiða af hlutaðeigandi prestaköllum.

**132** **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamt-**  
26. nóv. **inu um þurfamannastyrk.** — Eptir móttöku brjefs yðar, herra amtmaður, dags. 22. þ. m., um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Mýrahreppi í Skaptafellssýslu á úrskurði yðar 26. apríl f. á. um reikning hreppsnefndarinnar í Borgarhafnarhreppi yfir kostnað hans við framfærslu Einaris Sigurðssonar frá Lambleiksstöðum eða Haukafelli og hyskis hans, skal yður til vitundar gefið, til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg verð að öllu leyti að fallast á úrskurð yðar, skal hann standa óraskaður, og skal jeg jafnframt beiðast þess, að þjer hlutizt til um að hreppsnefndin í Mýrahreppi fullnægi tafarlaust úrskurði yðar að viðlögðum sektum.

Úrskurður sýslumanns, dags. 20. ág. 1898, staðfestur af amtinu með breytingum, sbr. áritun amtsins 26. apríl 1899.

Á árinu 1888 var þurfamaður Einar Sigurðsson, nú á Haukafelli á Mýrum, fluttur ásamt fjölskyldu sinni þurfamannaflutningi frá Mýrahreppi til Borgarhafnarhrepps, en þar var hann samkvæmt úrskurði landshöfðingja 19. okt. 1887, þá talinn sveitlægur. Eptir því næst að rannsóknir höfðu farið fram um styrkveitingar til Einaris þessa á árinu 1885 af hendi Mýrahrepps og þær reynzt ólöglega veittar, var svo ákveðið með úrskurði landshöfðingja 20. ág. 1895, að Einar Sigurðsson hefði unnið sjer hreppshelgi í Mýrahreppi frá vordögum 1886. Nú hefir hreppsnefndin í Borgarhafnarhreppi krafizt þess, að Mýrahreppur endurgjaldi Borgarhafnarhreppi upphæð þá, er sá hreppur hefir orðið að greiða til framfæris þessum þurfamanni og fjölskyldu hans frá því 1888, að hann var fluttur á Borgarhafnarhrepp og til þess 20. ág. 1895, að hann af landshöfðingja var úrskurðaður sveitlægur í Mýrahreppi og eru kröfur nefndarinnar þessar :

Reikn. 1. yfir ýmislegt, er lagt hefir verið Einari Sigurðssyni	... ..	Kr. 480.65
» 2. Kostnaður við bæjarbygging og heyútlát (+ 10 kr. 17 a. á fskj. 9)	—	286.17
» 3. Flutningur á búslóð hans	... ..	— 69.90
» 4. Borgun fyrir rekstur sveitfestismálsins	... ..	— 90.00
» 5. Borgun fyrir ýmsan kostnað við sama mál	... ..	— 109.00
		Samtals kr: 1035.72

Hreppsnefndin í Mýrahreppi hefir aptur á móti mótmælt þessum kröfum nefndarinnar og haldið því fram, að hún væri eigi skyldug til að endurgjalda framfæri þessa þurfamanns að neinu leyti, þar sem nefndin, þegar hún ljet flytja þurfamann þennan til Borgarhafnarhrepps,